

Fundargerð 14. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 1. ágúst 2007 kl. 12:00 á skrifstofu ÞK, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Sala og leiga eigna.
Farið var yfir stöðu varðandi sölu og leigu eigna. Útleiga nemendaíbúða gengur vel og viðræður eru í gangi við Keili um skólatengdar eignir. Lagt var fram minnisblað um skilgreindar eignir á flugsvæði og mögulega ráðstöfun þeirra. Stjórnin samþykkir minnisblaðið eins og það liggur fyrir. Stjórnin lagði áherslu á að flýta viðræðum um yfirfærslu Natoeigna á svæðinu.
3. Ræddir voru möguleikar í heilbrigðisuppbygginu á starfsvæði félagsins. Nokkrir aðilar hafa lýst sig reiðubúnað að koma að slíkri uppbyggingu.
4. Önnur mál
 - a. Lagt var fyrir tilboð frá Netspor í stefnumótun. Framkvæmdastjóra var falið að semja um málið.
 - b. Tekið var jákvætt í að kanna möguleika á listamannabúðum á svæðinu.

Fleira var ekki gert of fundi slitið